# SPILLIEFNANEFND



## Ársskýrsla 2002

# Svæðaskipting



SPILLIEFNANEFND

# Ársskýrsla 2002

# *Efnisyfirlit*


1. ***Aðfaraorð formanns*** . . . . . . . . 3
2. ***Starfsemi Spilliefnanefndar árið 2002*** . . . . . . . . 4
   - 2.1 Grundvöllur starfsemi Spilliefnanefndar . . . . . . . . 4
   - 2.2 Skipan Spilliefnanefndar . . . . . . . . 4
   - 2.3 Álagning spilliefnagjalds . . . . . . . . 4
   - 2.4 Kynningar- og upplýsingamál . . . . . . . . 5
   - 2.5 Kynnisferðir . . . . . . . . 5
   - 2.6 Vinna að einstökum málaflokkum og samskipti við löggjafann, opinberar stofnanir og hagsmunaaðila . . . . . . . . 5
3. ***Ársreikningur Spilliefnanefndar*** . . . . . . . . 7
   - 3.1 Staðfesting stjórnar og framkvæmdastjóra . . . . . . . . 8
   - 3.2 Áritun endurskoðenda . . . . . . . . 8
   - 3.3 Rekstrarreikningur ársins 2002 . . . . . . . . 9
   - 3.4 Efnahagsreikningur 31. desember 2002 . . . . . . . . 9
   - 3.5 Sjóðstreymi árið 2002 . . . . . . . . 10
   - 3.6 Skýringar með ársreikningi 2002 . . . . . . . . 10
   - 3.7 Uppgjör á gjöldum og tekjum skipt á vöruflokka fyrir árið 2002 . . . . . . . . 12
4. ***Rekstur spilliefnakerfisins*** . . . . . . . . 13
   - 4.1 Fjárhagsafkoma . . . . . . . . 13
   - 4.2 Samanburður við áætlanir . . . . . . . . 14
   - 4.3 Kostnaður við framkvæmd laganna um spilliefnagjald . . . . . . . . 15
   - 4.4 Rekstraráætlun 2003 . . . . . . . . 15
5. ***Rekstraryfirlit eftir einstökum vöruflokkum*** . . . . . . . . 16
   - 5.1 Olíuvörur . . . . . . . . 16
   - 5.2 Lífræn leysiefni . . . . . . . . 18
   - 5.3 Halógeneruð efnasambönd . . . . . . . . 19
   - 5.4 Kælimiðlar . . . . . . . . 20
   - 5.5 Ísósýanöt . . . . . . . . 21
   - 5.6 Málning og litarefni . . . . . . . . 22
   - 5.7 Prentlitir . . . . . . . . 23
   - 5.8 Blýsýrurafgeymar . . . . . . . . 24
   - 5.9 Rafhlöður . . . . . . . . 25
   - 5.10 Vörur í ljósmyndaiðnaði, framköllunarvökvar . . . . . . . . 26
   - 5.11 Kvikasilfurvörur . . . . . . . . 27
   - 5.12 Varnarefni . . . . . . . . 28



Útgefandi: Spilliefnanefnd nóvember 2002
Ljósmynd á forsíðu: Kristján Maack
Hönnun/prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf.

# 1. *Aðfaraorð formanns*

*Hér birtist á prenti ársskýrsla spilliefnanefndar fyrir síðasta starfsár hennar, árið 2002. Spilliefnanefnd var stofnuð með lögum í september árið 1996 en 1. janúar 2003 tók Úrvinnslusjóður við starfi hennar og hlutverki og var nefndin þá lögð niður eftir rúmlega sex ára starf.*

*Spilliefnanefnd var ætlað að skapa hagræn skilyrði fyrir söfnun, meðhöndlun og viðunandi endurnýtingu eða eyðingu spilliefna. Spilliefni eru hættulegasti hluti úrgangsins og munu nema um 4 % heildarúrgangs hér á landi. Með lögunum um spilliefnagjald á sínum tíma stigu ríkisstjórn og alþingi, með öruggri þátttöku og stuðningi frá aðilum vinnumarkaðarins, mikilvægt skref í átt að skipulegri meðhöndlun úrgangs og þar með í átt að aukinni umhverfisvernd.*

*Úrgangur verður æ umfangsmeiri í neysluþjóðfélögum nútímans og sífellt viðfangsefni að leita nýrra leiða við meðhöndlun hans, þróa aðferðir til fyllri umhverfisverndar og hindra mengun af völdum sorps. Spilliefnanefnd vann brautryðjendastarf með hönnun og uppbyggingu kerfis sem tekst á við spilliefni í úrgangi, kerfis sem vinnur í samræmi við hina svonefndu mengunarbótareglu, Polluter Pays Principle, og leitar samvinnu við hlutaðeigandi hagsmunaaðila, aðila vinnumarkaðarins. Þegar horft er til baka yfir starf spilliefnanefndar, verður að telja að vel hafi tekist til. Ekki er vitað til þess að það kerfi, sem spilliefnanefnd hannaði og kom á, eigi sér fordæmi með öðrum þjóðum en hingað hafa komið erlendir menn til þess að kynna sér kerfið.*

*Mikilvægt kjarnaatriði í kerfi spilliefnanefndar er að gjald til endurvinnslu eða eyðingar spilliefna er innifalið í verði vörunnar. Þar með er stigið skref frá þeirri gömlu hefð að sveitarfélög skuli sjá um úrgang með sínum tekjustofnum og litið svo á að förgun úrgangs sé hluti af framleiðslukostnaði hans. Það er að segja að framleiðendur og seljendur geti ekki komið vöru á markað og séu síðan lausir allra mála, það skipti þá ekki máli hversu kostnaðarsamar aðgerðir þurfi síðan til þess að farga úrganginum. Hér var því um breyttan hugsanagang að ræða, á vissan hátt um þáttaskil að ræða í meðferð úrgangs hér á landi.*

*Flóknar umræður áttu sér stað um hvort telja skyldi spilliefnagjaldið þjónustugjald eða skatt. Spilliefnanefnd var einhuga í þeim skilningi sínum að gjaldið væri þjónustugjald enda gerðu lögin og ráð fyrir að nefndin semdi við þar til bæran aðila um vörslu og ávöxtun gjaldsins. Í þessu sambandi benti nefndin á að hluta gjaldsins innheimti ríkissjóður í tolli og þáði þóknun fyrir, hluta gjaldsins innheimti nefndin sjálf af innlendum framleiðendum og í sumum tilvikum tóku atvinnugreinar eða fyrirtæki að sér álagningu á vörur sínar og sáu þá jafnframt um rétta meðhöndlun og eyðingu með samkomulagi við umhverfisráðuneytið.*

*Á starfstíma sínum sá nefndin um meðferð eftirtalinna vöruflokka:*

1) *Olíuvörur*
2) *Lífræn leysiefni, klórbundin efnasambönd o.fl.*
3) *Málningu og litarefni*
4) *Rafhlöður og rafgeyma*
5) *Kemisk efni í ljósmynda- og prentiðnaði*
6) *Vörur sem innihalda kvikasilfur*
7) *Ýmsar aðrar efnavörur.*

*Á sex ára ferli sínum hélt spilliefnanefnd 218 bókaða fundi en auk þess fjölmarga vinnufundi. Nefndin gekkst fyrir málþingum um spilliefni og má þar nefna rafhlöður, kvikasilfurvörur og ozoneyðandi kælimiðla. Í nokkrum tilvikum átti nefndin hlut að máli þegar gerðir voru svonefndir frjálsir samningar þar sem fyrirtæki eða atvinnugreinar tóku að sér meðferð spilliefna í úrgangi sínum. Má þar nefna prentliti og svartolíu.*

*Ársskýrslur spilliefnanefndar eru ítarlegar og hafa að geyma tölfræðilegar upplýsingar um spilliefni, umfang þeirra og uppruna, sem eru umfangsmeiri en áður höfðu þekkst hér á landi. Starf spilliefnanefndar var á ýmsan hátt nýjung. Í upphafi var lögð mikil áhersla á að halda umfangi nefndarinnar í lágmarki, gæta þess að hún þendist ekki út og yrði að bákni. Allan starfstíma sinn hafði nefndin því aðeins einn starfsmann en nefndarmenn tóku mikinn þátt í því starfi sem fram fór. Velta nefndarinnar nam á síðasta starfsári um 155 m.kr. sem segir nokkuð um umfangið.*

*Framkvæmd reyndist á ýmsan hátt flóknari en séð varð fyrir í fyrstu. Má þar nefna ógrynni tollskránúmera sem gjald var lagt á, yfirsýn gagnvart skilum spilliefna frá öllum sveitarfélögum landsins og ótölulegum fjölda fyrirtækja, endurgreiðslur vegna útfluttra vara o.fl. Eigi að síður held ég flestir séu sammála um að vel hafi tekist til. Starf spilliefnanefndar er nú fyrirmynd að Úrvinnslusjóði, sem tekur við starfi nefndarinnar, en fær jafnframt miklu viðameira verkefni á sviði úrgangsmeðferðar. Má segja að þannig nýtist reynsla og þekking sem aflað var á þessum tíma.*

*Spilliefnanefnd átti á starfstíma sínum mikið og gott samstarf við marga aðila í þjóðfélaginu. Þeim er þakkað hér að starfslokum og sérstaklega nefndir þessir: Umhverfisráðuneytið, fjármálaráðuneytið, Sorpa og síðar Efnamóttakan hf, aðilar vinnumarkaðsins, ríkisendurskoðun, Fjársýsla ríkisins, embætti tollstjóra og Hollustuvernd ríkisins. Ofarlega er mér í huga þakklæti til samnefndarmanna minna og starfsmanns nefndarinnar sem allir leystu af hendi frábært starf oft við erfiðar aðstæður og stundum undir nokkru tímaálagi.*

Guðm. G. Þórarinsson
formaður spilliefnanefndar.

# 2. *Starfsemi Spilliefnanefndar árið 2002*

### 2.1 Grundvöllur starfsemi Spilliefnanefndar

Spilliefnanefnd starfaði samkvæmt lögum um spilliefnagjald nr. 56/1996 og breytingu á þeim nr. 134/1997. Umhverfisráðherra fór með yfirstjórn mála sem lögin fjölluðu um. Síðasta gildandi reglugerð um spilliefnagjald er var nr. 578/2000 með síðari breytingum.Í lögunum var kveðið á um hvaða vöruflokkar bæru spilliefnagjald. Gjaldið var lagt á innfluttar vörur sem verða að spilliefnum og innheimt af ríkissjóði en rann til Spilliefnanefndar. Af innlendri framleiðslu innheimti nefndin gjaldið sjálf. Spilliefnanefnd greiddi fyrir meðferð og förgun spilliefna er leiða af vörum sem gjaldið var lagt á. Hefur það fyrirkomulag að sá greiðir er mengun veldur verið nefnt mengunarbótaregla (*Polluter Pays Principle*).

### 2.2 Skipan Spilliefnanefndar

Spilliefnanefnd var fyrst skipuð í september 1996 til fjögurra ára. Í september 2000 voru skipuð í nefndina: Guðfinnur G. Johnsen tæknifræðingur, að tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna og Samtaka fiskvinnslustöðva, Haukur Harðarson framkvæmdastjóri Bíliðnafélagsins/Félags blikksmiða, að tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Ólafur Kjartansson verkfræðingur, að tilnefningu Samtaka iðnaðarins, Óskar Maríusson verkfræðingur, að tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, Stefán Hermannsson borgarverkfræðingur, að tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þuríður I. Jónsdóttir héraðsdómslögmaður, án tilnefningar, Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur, án tilnefningar, er jafnframt var formaður nefndarinnar.

Ritari nefndarinnar var Sigurbjörg Sæmundsdóttir deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu og framkvæmdastjóri Már Karlsson verkfræðingur.

Þann 20. desember 2002 voru lög um Úrvinnslusjóð, nr. 162/2002, samþykkt á Alþingi. Lögin tóku gildi 1. janúar 2003 og samtímis féllu úr gildi lög nr. 156/1996 um spilliefnagjald. Nýju lögin kveða á um að Úrvinnslusjóður taki við öllum sjóðum og skuldbindingum Spilliefnanefndar sem stofnast höfðu fyrir gildistöku laganna

### 2.3 Álagning spilliefnagjalds

Nefndin vann áfram að uppbyggingu gjaldakerfis fyrir spilliefni. Fundir nefndarinnar á árinu urðu alls 24 en í árslok voru bókaðir fundir hennar orðnir 218 frá því hún kom fyrst saman í september 1996.

Spilliefnagjald var fyrst lagt á vöruflokk rafgeyma í mars 1997 og síðan á hvern vöruflokkinn á fætur öðrum, sem tilgreindur var í lögum um spilliefnagjald, þann síðasta 1. janúar 2000. Í töflu

**Tafla 2.1**

***Álagning og breytingar spilliefnagjalds***

| Vöruflokkur | 15.3.1997 | 15.4.1997 | 15.6.1997 | 1.8.1997 | 1.11.1997 | 1.3.1998 | 15.3.1999 | 1.11.1999 | 1.1.2000 | 1.9.2000 | 1.8.2001 | 15.12.2001 | 1.1.2003 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rafgeymar með sýru | 26,00 | | | | | | | | | 21,00 | 19,00 | | |
| Rafgeymar án sýru | 36,40 | | | | | | | | | 29,40 | 26,60 | | |
| Rafgeymar í tækjum | 143,00-2.288,00 | | | | | | | | | 115,50-1.848,00 | 104,50-1.672,00 | | |
| Rafhlöður í rafmagnsspennum | | | | 26,00 | | | | | | 21,00 | 19,00 | | |
| Kemískar vörur í ljósmynda- og prentiðnaði | | 32,25-258,00 | | | | | | | | 29,25-234,00 | | | 36,75-294,00 |
| Olíumálning | | | 2,00 | | | 6,00 | | | | 10,50 | 13,50 | 16,00 | 17,00 |
| Prentlitir | | | 2,00 | | | 6,00 | | | | | | 16,00 | 20,00 |
| Lífræn leysiefni | | | 0,50 | | | 1,50 | | | | 3,00 | | | |
| Rafhlöður með kvikasilfri | | | | 186,00 | | | | | | 200,00 | 13,00 | | 559,00 |
| Rafhlöður með nikkelkadmium | | | | 186,00 | | | | | | 200,00 | 13,00 | | 202,00 |
| Liþíumrafhlöður | | | | | | | | | | | | | 171,00 |
| Mangandíoxíðrafhlöður | | | | | | | | | | | | | 91,00 |
| Alkalískar hnapparafhlöður | | | | | | | | | | 9,00 | 13,00 | | 5,00 |
| Varnarefni, útrýmingarefni | | | | | 3,00 | | | | | | | | |
| Varnarefni, fúavarnarefni | | | | | 3,00 | | | | | | | | |
| Ísósýanöt | | | | | 1,00 | | | | | | | | 1,30 |
| Halógeneruð efnasambönd | | | | | | 22,00 | | | | 75,00 | 90,00 | 105,00 | |
| Olíuvörur aðrar en brennsluolía | | | | | | | 10,00 | | | | | 9,50 | 11,50 |
| Kælimiðlar | | | | | | | | 98,00 | | | | | 2,50 |
| Kvikasilfursvörur | | | | | | | | | 900,00 | | | | |

Ath. Verð eru kr./kg nema fyrir rafgeyma í tækjum og alkalískar hnapparafhlöður frá 01.01.2000, kr./stk. Einnig kr./stk. fyrir aðrar rafhlöður þann 01.08.2001.

2.1 má sjá einingarverð spilliefnagjalds, hvenær lagt var á einstaka vöruflokka og hvenær spilliefnagjaldi var breytt.

Í fjórða kafla skýrslunnar er fjallað frekar um rekstur spilliefnakerfisins og fjárhagsafkomu. Í fimmta kafla er ítarlegar greint frá rekstri hvers vöruflokks og fjárhagsstöðu í árslok.

Með auknum umsvifum jókst þjónusta nefndarinnar og daglegur rekstur. Ýmis vafamál komu til kasta nefndarinnar og átti hún náið samstarf við umhverfisráðuneyti, stofnanir og sífellt fleiri fyrirtæki um meðferð spilliefna.

Velta nefndarinnar var nær 155 m.kr. á árinu og er gerð nánari grein fyrir rekstrinum í fjórða kafla ársskýrslunnar en ársreikning er að finna í þriðja kafla.

Hver vöruflokkur myndar sérstakan sjóð þar sem tekjum og gjöldum er til lengdar ætlað að standast á. Gerð er grein fyrir afkomu sjóðanna og fjárhagsstöðu í árslok í fimmta kafla.

## 2.4 Kynningar- og upplýsingamál

Spilliefnanefnd hélt ársfund í maí. Þar flutti Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra ávarp en Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri stýrði fundinum.

Ársskýrslan, sem var lögð fram á fundinum, var sú fimmta í röðinni. Hún var viðamikil og í henni var haldið áfram þar sem frá var horfið í fyrri skýrslum við kynningu á starfseminni og þeim forsendum sem liggja henni til grundvallar.

Nefndin hélt málstofu um notkun og skil ósoneyðandi kælimiðla í mars. Tilgangur hennar var að ræða notkun og meðferð kælimiðla, skil á notuðum kælimiðlum, skráningu og áhrif spilliefnagjalds. Málshefjendur voru frá Hollustuvernd ríkisins, Fiskifélagi Íslands, Frostmarki ehf. og Efnamóttökunni hf. Fjallað var um stefnumörkun fyrir notkun kælimiðla og umhverfisáhrif, notkun kælimiðla í skipum, notkun kælimiðla í landi og skil notaðra kælimiðla. Meðal þess sem kom fram var að kælimiðlar framtíðarinnar muni ekki hafa gróðurhúsaáhrif. Í framtíðinni verður væntanlega bannað að nota CFC- og HFC-kælimiðla en kælimiðlar með kuldaberum verða ráðandi. Fram að því verða líklega settir kvótar á HFC-kælimiðla. Þá kælimiðla er hérlendis helst að finna í kæliskápum, í um 1.000 hjólhýsum og í kæliskápum hótelherbergja.

Á starfstíma sínum hefur nefndin oft fjallað um á hvern hátt kynningu á spilliefnum og meðferð þeirra skuli háttað og haft um það samráð við umhverfisráðuneytið og hagsmunaaðila. Margir hafa sýnt starfi nefndarinnar áhuga og hefur hún orðið við óskum um að kynna starfsemi sína og spilliefnakerfið eins og tök hafa leyft. Má til dæmis nefna að kynning var birt í riti átaksverkefnisins Fegurri sveitir.

Vinna var hafin við gerð vefseturs fyrir nefndina en drög að því höfðu verið unnin á fyrri árum. Ákveðið var að fresta því að ljúka verkinu þegar ljóst varð að Úrvinnslusjóður yrði stofnaður.

Tölfræðileg þekking á umfangi spilliefna og uppruna þeirra var álitin einn af hornsteinum að starfi Spilliefnanefndar. Því var leitast við að efla þekkingu á því sviði með því að fylgjast með innflutningi og framleiðslu á vörum sem verða að spilliefnum ásamt skilum þeirra. Gerð er grein fyrir þeim málum í ársskýrslu þessari og enn frekar í ársskýrslum fyrri ára.

## 2.5 Kynnisferðir

Dagana 24. febrúar til 1. mars var farin námsferð á vegum Spilliefnanefndar og Stenúrs til Englands og Danmerkur. Fulltrúar Spilliefnanefndar í þeirri ferð voru Óskar Maríusson og Ólafur Kjartansson. Hlutverk þeirra var að kynna sér stöðu mála við söfnun og förgun spilliefna í þessum löndum, einkum með hliðsjón af væntanlegum nýjum tilskipunum Evrópusambandsins. Nánari umfjöllun um námsferðina og samantekt á upplýsingum er að finna í umfangsmikilli skýrslu ferðahópsins.

Formaður fór í nóvember ásamt fulltrúa Samtaka iðnaðarins og Sorpu á kynningarfund til Möltu. Fundurinn var skipulagður og í boði ITUT í Þýskalandi. Þar var fjallað um endurvinnslu og endurnýtingu með sérstakri áherslu á umbúðir og fyrirkomulag eins og það er í Þýskalandi og kennt er við „græna punktinn". ITUT fyrirhugar að standa fyrir ámóta ráðstefnu hér á landi árið 2003.

## 2.6 Vinna að einstökum málaflokkum og samskipti við löggjafann, opinberar stofnanir og hagsmunaaðila

Unnið var að endurskoðun spilliefnagjalds á marga vöruflokka og tóku breytingar gildi þann 1. janúar 2003 með tilkomu laga um úrvinnslugjald. Gera má ráð fyrir að á hverju ári verði breytingar á spilliefnagjaldi einstakra vöruflokka í samræmi við afkomu og þróun hvers vöruflokks. Upplýsingar um álagningu og breytingar spilliefnagjalds má sjá í töflu 2.1. Tveir samningar voru undirritaðir um mitt ár. Samningur við Efnaeimingu ehf. um endurnýtingu eða endurvinnslu leysiefna frá þriðja aðila og samkomulag við Árvakur hf. um endurnýtingu spilliefna sem falla til hjá prentsmiðju Morgunblaðsins. Fyrri samningurinn telst til samninga við móttökustöðvar en sá síðari byggist á ákvæði í lögum um að starfsgreinum eða fyrirtækjum sé heimilt að semja um ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun af völdum spilliefna, enda þjóni það markmiðum laga um spilliefnagjald.

Söfnunarstöðvar- og flutningsgjöld voru hækkuð verulega í ársbyrjun en þau höfðu verið óbreytt frá upphafi. Erfiðlega hefur gengið að ná endum saman við rekstur vöruflokks um málning-

arúrgang og er fjallað frekar um þann vöruflokk annars staðar í skýrslunni. Úrgangur er flokkast við móttöku sem prentlitaúrgangur hefur aukist mjög frá því sem var í fyrstu. Hefur það leitt til halla á vöruflokknum. Í samvinnu við skilaaðila og móttökustöð hefur verið stefnt að sérstakri úttekt á verkferli vegna prentlita.

Unnið var með fulltrúum Tollstjóra að endurbótum á reglugerð og framkvæmd álagningar. T.d. var í sumum vöruflokkum innflytjendum ætlað að tilgreina álagningastofn sérstaklega. Var sú tvískráning lögð af 1. janúar 2003. Við athugun hafði t.d. komið í ljós að ekki var samræmi milli tilgreinds álagningarstofns fyrir amalgam til tannfyllinga og þess stofns sem ætlunin var að leggja gjald á. Eftir að þetta kom í ljós hefur verið ráðgert að athuga hvort slík dæmi sé að finna í stærri vöruflokkum. Ástæða hefur þótt til að kanna næst álagningarstofn olíumálningar.

Kælimiðlar voru allmikið til umfjöllunar á árinu og unnið var að því hvernig skyldi bregðast við þeirri uppsöfnun fjármuna sem orðið hefur í vöruflokknum. Þá hefur nokkur vinna fylgt endurgreiðslum vegna útflutnings kælimiðla. Fyrr í þessum kafla er getið um málstofu sem boðað var til um kælimiðlana.

Í apríl barst svar frá umhverfisráðuneyti við erindi nefndarinnar um réttmæti endurgreiðslu spilliefnagjalds vegna smurolíu sem flutt er úr landi, þ.e. seld til erlendra skipa. Í kjölfarið hefur verið óskað álits Ríkisendurskoðunar á því hvort gögn þau sem olíufélögin hafa framvísað með umsóknum sínum uppfylli skilyrði til endurgreiðslu.

Fjallað var um skyldur nefndarinnar til útboða. Greinargerð um starfsemi nefndarinnar var tekin saman og aflað lögfræðilegrar álitsgerðar um málið og barst hún í árslok. Álitsgerðin hneig mjög í þá átt að í nær öllum tilvikum skyldu útboð viðhöfð í opinberum viðskiptum.

Þegar líða tók á árið þurfti nefndin í starfi sínu að taka nokkurt mið af væntanlegri stofnun Úrvinnslusjóðs og leggja fram vinnu við undirbúning laga um úrvinnslugjald. Í lögum um spilliefnagjald var gert ráð fyrir að ráðherra setti reglugerð samkvæmt tillögum Spilliefnanefndar þar sem nánar yrði kveðið á um hlutverk nefndarinnar og starfshætti. Vinnu við það var hætt af framangreindum orsökum. Ein breyting sem leiddi af nýju lögunum var að úrvinnslugjald skyldi lagt á allar rafhlöður en í framkvæmd hefur reynst nokkuð örðugt að skilja á milli kostnaðar við móttöku rafhlaðna sem báru spilliefnagjald og þeirra, er ekki báru gjaldið, en rafhlöður berast jafnan í einu óflokkuðu safni.

Samningaviðræður stóðu lengi við olíufélögin, þ.e. Olíudreifingu ehf. og Skeljung hf., um allt að fimm ára framhald þjónustusamnings. Undir árslok féllust samningsaðilar á að aðeins yrði framlengt til eins árs þar sem Spilliefnanefnd hefði í huga að bjóða verkið út. Forsvarsmenn Sementsverksmiðjunnar hf. höfðu að áliðnu ári samband við nefndina sakir hagsmuna sinna vegna brennslu úrgangsolíu.

Fjórða olíufélagið, Atlantsolía, undirbjó starfsemi sína hér á landi á árinu. Tilkoma þess er ekki talin hafa bein áhrif á fyrrgreindan þjónustusamning og hafa forsvarsmenn Atlantsolíu verið í sambandi við nefndina. Söfnun olíu á hafnarsvæðum var til athugunar en málin ekki leidd til frekari lykta en áður hafði verið.

Um mitt ár hófust samningaviðræður við Efnamóttökuna hf. um endurskoðun og framhald þjónustusamnings en fyrirtækið hafði falast eftir að slíkur samningur yrði til langs tíma. Eftir nokkra vinnu við endurskoðun samningsins varð að áliðnu ári niðurstaðan sú að hann yrði framlengdur til eins árs. Var þar höfð hliðsjón af hugmyndum um útboð og að Úrvinnslusjóður tæki til starfa um áramót.

Sú breyting varð á viðskiptum við Efnamóttökuna hf. að fyrirtækið lagði fram bankatryggingu í stað geymslufjár sem haldið hafði verið eftir af hverjum reikningi. Bankatryggingin kemur í stað hinnar almennu reglu, sem nefndin hafði stuðst við, að móttökustöðvargjöld skuli ekki greidd fyrr en förgun hefur farið fram.

Áhersla var sem áður á þróun tölulegra upplýsinga en töluleg gögn eru mikilvæg til að gera grein fyrir ferli spilliefna, magni þeirra og stefnu varðandi alla starfsemi er tengist spilliefnum. Umhverfisuppgjör frá móttökustöðvum, þar sem rakið verður ferli úrgangs eftir að hann berst móttökustöðvum, getur orðið mikilvægt tæki til að ná betri tökum á málaflokknum.

Náið samstarf var alla tíð haft við ýmsa hagsmunaaðila um spilliefnagjald. Til Hollustuverndar hefur nefndin þurft að leita með mörg álitaefni og Tollstjórinn í Reykjavík hefur verið nefndinni innan handar við upplýsingaöflun.

Ríkisendurskoðun og Fjársýsla ríkisins hafa veitt margvíslega aðstoð vegna reksturs nefndarinnar. Spilliefnanefnd leigði aðstöðu hjá Vinnueftirliti ríkisins og þar var bókhald nefndarinnar einnig fært. Þá hafa nefndarmenn lagt af mörkum verulega vinnu við úrlausn margvíslegra verkefna nefndarinnar.

Þegar staðfest var að áliðnum desember að Alþingi hafði samþykkt lög um úrvinnslugjald var ljóst að starfsemi Spilliefnanefndar lyki um áramót og að ný stjórn Úrvinnslusjóðs tæki við búi Spilliefnanefndar.

# SPILLIEFNANEFND

# Ársreikningur 2002


3.1 Staðfesting stjórnar og framkvæmdastjóra . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 8
3.2 Áritun endurskoðenda . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 8
3.3 Rekstrarreikningur ársins 2002 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 9
3.4 Efnahagsreikningur 31. desember 2002 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 9
3.5 Sjóðstreymi árið 2002 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 10
3.6 Skýringar með ársreikningi 2002 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 10
3.7 Uppgjör á gjöldum og tekjum skipt á vöruflokka fyrir árið 2002 . . . . . . . . . . . . . . 12

## 3.1 Staðfesting stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Spilliefnanefndar staðfesta hér með ársreikning nefndarinnar árið 2002 með áritun sinni.

Reykjavík, september 2003

**Í stjórn**
Guðmundur G. Þórarinsson
formaður (sign)

Óskar Maríusson (sign)
Haukur Harðason (sign)
Þuríður Jónsdóttir (sign)

Ólafur Kjartansson (sign)
Guðfinnur G. Johnsen (sign)
Stefán Hermannsson (sign)

Framkvæmdastjóri
Már Karlsson (sign)

## 3.2 Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Spilliefnanefndar fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnhagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-6. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Spilliefnanefndar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og starfsskyldur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga, og annara laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á,
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Spilliefnanefndar á árinu 2002, efnahag 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, september 2003

Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi

Sigurjón I. Haraldsson

# Rekstrarreikningur ársins 2002

| | Skýr. | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Spilliefnagjöld v. innfluttra vara | | 123.881.314 | 138.146.038 |
| Spilliefnagjöld v. innl.framleiðslu | | 16.633.414 | 9.384.498 |
| | 1 | 140.514.728 | 147.530.536 |
| **Gjöld** | | | |
| Rekstrar- og stjórnunarkostnaður | 2 | 20.319.109 | 17.433.502 |
| Móttökustöðvargjald | | 100.934.432 | 86.971.168 |
| Flutningsgjald | | 30.027.749 | 27.814.177 |
| Söfnunarstöðvagjald | | 8.228.628 | 6.234.453 |
| Umsýslukostn. v/flutnings- og söfnunarst.gj. | | 1.729.709 | 1.292.525 |
| Innheimtukostnaður til ríkissjóðs | | 674.456 | 700.714 |
| | | 161.914.083 | 140.446.539 |
| **Tekjuafgangur (halli) án fjármagnsliða** | | (21.399.355) | 7.083.997 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | 3 | 3.904.544 | 4.817.375 |
| **Tekjuafgangur (halli) ársins** | | (17.494.811) | 11.901.372 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2002

| | Skýr. | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | 4 | 1.324.993 | 1.012.423 |
| Virðisaukaskattur | | 10.878.979 | 7.744.691 |
| Handbært fé | | 64.993.617 | 76.507.571 |
| | | 77.197.589 | 85.264.685 |
| **Eignir alls** | | 77.197.589 | 85.264.685 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | | 48.713.660 | 36.812.288 |
| Tekjuafgangur(halli)ársins | | (17.494.811) | 11.901.372 |
| Eigið fé | | 31.218.849 | 48.713.660 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Ríkissjóður | | 8.409.640 | 4.502.134 |
| Ógr.laun og tengd gjöld | 5 | 165.504 | 166.170 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 6 | 37.403.596 | 31.882.721 |
| Skuldir | | 45.978.740 | 36.551.025 |
| **Eigið fé og skuldir alls** | | 77.197.589 | 85.264.685 |

# Sjóðstreymi árið 2002

| | 2002 | 2001 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| **Veltufé frá rekstri** | | |
| Tekjuafgangur (halli) ............................... | (17.494.811) | 11.901.372 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun ................ | (3.446.858) | 8.376.951 |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun ................ | 9.427.715 | (1.137.423) |
| Handbært fé frá rekstri | (11.513.954) | 19.140.900 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** .................... | (11.513.954) | 19.140.900 |
| Handbært fé í ársbyrjun .......................... | 76.507.571 | 57.366.671 |
| Handbært fé í árslok ............................ | 64.993.617 | 76.507.571 |

# Skýringar með ársreikningi 2002

## Reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningur Spilliefnanefndar er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997, lög um ársreikninga nr. 144/1944 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanir eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Úrvinnslusjóður varð til með lögum nr. 162 frá 20. desember 2002. Úrvinnslusjóður er stofnun í eigu ríkisins og tók við öllum sjóðum og skuldbindingum spilliefnanefndar frá og með 1. janúar 2003.

**Skattar**

Spilliefnanefnd greiðir ekki tekju- og eignarskatt.

**Skráning tekna**

Álagt spilliefnagjald á innfluttar vörur er bókað samkvæmt uppgjöri frá Fjársýslu ríkisins en spilliefnagjald á innlenda framleiðslu er bókfært samkvæmt skilagreinum.

**Skráning gjalda**

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast nefndinni. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð á rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

**Skammtímakröfur**

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði

**Handbært fé**

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

**Viðskiptaskuldir**

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

**Bókhald, skrifstofuaðstaða**

Vinnueftirlit ríkisins sá um bókhald fyrir Spilliefnanefnd samkvæmt samkomulagi þar um. Bókhaldið er fært í bókhaldskerfinu Opus Alt. Starfsmaður nefndarinnar sá um greiðslu reikninga. Spilliefnanefnd leigði jafnframt skrifstofuaðstöðu hjá Vinnueftirliti ríksins.

**Fjárheimildir**

Gert er ráð fyrir að rekstur spilliefnanefndar sé fjármagnaður með innheimtu spilliefnagjalds. Í fjárlögum ársins 2002 var gert ráð fyrir að gjöld spilliefnanefndar næmu 160 millj. kr. en þau námu 161.9 millj. kr. sem er 1,9 millj. kr. hærra en áætlað var.

## Sundurliðanir

**1. Spilliefnagjöld**

Álagt spilliefnagjald á innfluttar vörur á árinu 2002 var 136.535 þús. kr. Ógreitt spilliefnagjald í ársbyrjun 2002 nam 10.305 þús. kr., innheimt spilliefnagjald á árinu nam 134.891 þús. kr. og í árslok 2002 var ógreitt spilliefnagjald 11.949 þús. kr. Endurgreitt spilliefnagjald vegna útflutnings, endurnýtingar og leiðréttrar álagningar nam 12.654 þús. kr.

Álagt spilliefnagjald á innlenda framleiðslu nam 18.355 þús. kr. á árinu 2002 en á árinu voru endurgreiddar 1.722 þús. kr. vegna framleiðslunnar.

**2. Rekstrar- og stjórnunarkostnaður**

| | 2002 | 2001 |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 4.265.149 | 4.313.945 |
| Sérfræðiþjónusta | 12.930.323 | 10.650.208 |
| Funda- og ferðakostnaður | 1.428.930 | 1.345.826 |
| Húsaleiga | 590.000 | 480.000 |
| Ýmis kostnaður | 1.104.707 | 643.523 |
| | 20.319.109 | 17.433.502 |

**3. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)**

Samkvæmt samkomulagi milli ríkissjóðs og Spilliefnanefndar um innheimtu og skil á tekjum af spilliefnagjaldi skulu reiknast 5% vextir af innistæðu eða skuld á reikningi Spilliefnanefndar hjá ríkissjóði sem myndast við frávik á mánaðarlegri innheimtu gjaldsins og ráðstöfun þess á bankareikningi nefndarinnar.

| | 2002 | 2001 |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld vegna ríkissjóðs | (1.268.469) | (1.100.826) |
| Aðrar vaxtatekjur | 5.777.497 | 6.598.526 |
| Fjármagnstekjuskattur | (577.748) | (659.858) |
| Önnur fjármagnsgjöld | (26.736) | (20.467) |
| | 3.904.544 | 4.817.375 |

**4. Viðskiptakröfur**

| | 2002 | 2001 |
|---|---|---|
| Innlendir málningaframleiðendur | 1.226.603 | 985.423 |
| Aðrir | 98.390 | 27.000 |
| | 1.324.993 | 1.012.423 |

**5. Ógr. laun og tengd gjöld**

| | 2002 | 2001 |
|---|---|---|
| Ógr. lífeyrissj.gjöld, félagsgjöld og trygg.gjald | 48.963 | 48.963 |
| Ógr. staðgreiðsla | 116.541 | 117.207 |
| | 165.504 | 166.170 |

**6. Ýmsar skammtímaskuldir**

Sameiginlega reka þrjú olíufélög móttökustöð fyrir úrgangsolíu og eru einnig verksali gagnvart flutningi. Efnamóttakan hf. rekur alhliða móttökustöð fyrir spilliefni. Til tryggingar fyrir förgun spilliefna var haldið eftir hluta af greiðslum, geymslufé, fram á árið 2002 en þá var bankatrygging lögð fram í sama tilgangi.

Tvö olíufélög hafa krafist endurgreiðslu á spilliefnagjaldi vegna útflutnings á smurolíu á árunum 1999 – 2002 samtals að fjárhæð 6,8 millj. kr. Kröfur þessar hafa ekki verið samþykktar né greiddar og bíða frekari skoðunar.

| | 2002 | 2001 |
|---|---:|---:|
| Olíufélög .................................... | 22.659.974 | 12.226.923 |
| Efnamóttakan hf., geymslufé ..................... | 0 | 10.981.279 |
| Efnamóttakan hf. .............................. | 12.087.418 | 3.494.221 |
| Sveitarfélög .................................. | 0 | 1.587.163 |
| Ýmis ógreidd gjöld ............................ | 2.656.204 | 3.593.135 |
| | 37.403.596 | 31.882.721 |

## Kennitölur

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

| | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 |
|---|---:|---:|---:|---:|---:|
| **Rekstur** | | | | | |
| Tekjur ........................... | 140.515 | 147.530 | 153.989 | 131.862 | 76.840 |
| Gjöld og fjármagnsliðir ............ | 158.010 | 135.629 | 144.880 | 117.971 | 68.382 |
| Tekjuafgangur(halli) ársins ........... | (17.495) | 11.901 | 9.109 | 13.891 | 8.458 |
| **Efnahagur** | | | | | |
| Veltufjármunir .................... | 77.198 | 85.265 | 74.501 | 76.077 | 30.765 |
| Eignir alls ........................ | 77.198 | 85.265 | 74.501 | 76.077 | 30.765 |
| | | | | | |
| Höfuðstóll ....................... | 31.219 | 48.714 | 36.812 | 27.703 | 13.811 |
| Skammtímaskuldir ................ | 45.979 | 36.551 | 37.689 | 48.374 | 16.954 |
| Eigið fé og skuldir alls .............. | 77.198 | 85.265 | 74.501 | 76.077 | 30.765 |

### *Uppgjör á gjöldum og tekjum skipt á vöruflokka fyrir árið 2002*

| | Deild 1 | Deild 2 | Deild 3 | Deild 4 | Deild 5 | Deild 6 | Deild 7 | Deild 8 | Deild 9 | Deild 10 | Deild 11 | Deild 12 | Samtals |
|---|---:|---:|---:|---:|---:|---:|---:|---:|---:|---:|---:|---:|---:|
| | Rafgeymar | Kemísk efni í ljósm.og prent. | Olíumálning | Leysiefni | Rafhlöður | Varnarefni | Ísócýanöt | Halogeneruð efnasambönd | Olía | Kælimiðlar | Kvikasilfur-vörur | Prentlitir | |
| **Tekjur:** | | | | | | | | | | | | | |
| Spilliefnagjöld v/innfluttra vara | 20.748.325 | 8.950.017 | 13.912.987 | 7.146.219 | 3.332.730 | 569.613 | 325.480 | 7.220.010 | 57.459.325 | 11.295.186 | 54.945 | 5.520.582 | 136.535.419 |
| Spilliefnagjöld v/ innlendrar framleiðslu | | | 18.355.796 | -1.722.381 | | | | | | | | | 16.633.415 |
| Spilliefnagjöld v/útfluttra vara | | | | | | | | | -6.777.616 | -916.643 | | | -7.694.259 |
| Endurgreiðslur v/endurnýtingar | | | | | | | | | | | | -1.768.806 | -1.768.806 |
| Leiðrétt spilliefnagjöld | | -1.500.000 | | | | | | | -3.191.040 | | | 1.500.000 | -3.191.040 |
| Tekjur samtals: | **20.748.325** | **7.450.017** | **32.268.783** | **5.423.838** | **3.332.730** | **569.613** | **325.480** | **7.220.010** | **47.490.669** | **10.378.543** | **54.945** | **5.251.776** | **140.514.729** |
| **Gjöld:** | | | | | | | | | | | | | |
| Móttökustöðvakostnaður | 13.691.123 | 11.300.978 | 30.024.433 | 3.467.925 | 2.227.924 | 618.288 | 940.339 | 6.274.280 | 25.996.702 | 1.110.454 | 79.909 | 5.202.077 | 100.934.432 |
| Flutningskostnaður | 4.947.260 | 1.845.495 | 1.660.274 | 282.294 | 603.608 | 11.523 | 92.101 | 149.254 | 21.301.193 | | 683 | 40.901 | 30.934.586 |
| Söfnunarstöðvakostnaður | 3.193.378 | 1.101.366 | 2.883.540 | 160.677 | 672.161 | 12.585 | 63.561 | 107.795 | 822.308 | 0 | 348 | 33.781 | 9.051.500 |
| Rekstrar- og þróunarkostnaður | 2.523.355 | 906.051 | 3.924.442 | 659.633 | 405.318 | 69.275 | 39.584 | 878.078 | 5.775.687 | 1.262.210 | 6.682 | 638.707 | 17.089.022 |
| Gjöld samtals: | **24.355.116** | **15.153.890** | **38.492.689** | **4.570.529** | **3.909.011** | **711.671** | **1.135.585** | **7.409.407** | **53.895.890** | **2.372.664** | **87.622** | **5.915.466** | **158.009.540** |
| Rekstrarniðurstaða ársins | **-3.606.791** | **-7.703.873** | **-6.223.906** | **853.309** | **-576.281** | **-142.058** | **-810.105** | **-189.397** | **-6.405.221** | **8.005.879** | **-32.677** | **-663.690** | **-17.494.811** |
| Höfuðstóll 1. janúar | 45.116.689 | 7.790.901 | -27.443.245 | -2.256.043 | -5.807.940 | 273.631 | -381.835 | -8.356.266 | 29.235.859 | 19.497.111 | -42.031 | -8.913.173 | 48.713.660 |
| Eigið fé samtals | 41.509.898 | 87.028 | -33.667.151 | -1.402.733 | -6.384.220 | 131.573 | -1.191.940 | -8.545.663 | 22.830.638 | 27.502.989 | -74.709 | -9.576.863 | 31.218.849 |

# 4. *Rekstur spilliefnakerfisins*

## 4.1 Fjárhagsafkoma

Brúttótekjur af spilliefnagjaldi námu 154,9 m.kr. á liðnu ári. Í heild varð álagningarstofn minni en gert var ráð fyrir miðað við reynslu fyrri ára. Brúttótekjur urðu þess vegna 8% lægri en áætlað var eða sem nam 13,3 m.kr.

Eins og kemur fram í ársreikningi voru brúttótekjur af innfluttum vörum 136,5 m.kr. og af innlendri málningarframleiðslu 18,4 m.kr. Endurgreidd spilliefnagjöld, vegna leysiefna, sem notuð eru í innlenda málningarframleiðslu, 1,7 m.kr., vegna útflutnings 7,7 m.kr. (0,9 m.kr. vegna kælimiðla og bókfært 6,8 m.kr. vegna útfluttrar olíu), eigin endurnýtingar Morgunblaðsins á prentlitaúrgangi 1,8 m.kr. og leiðrétting vegna oftekinna gjalda á íblöndunarefni í eldsneyti 3,2 m.kr. Nettótekjur af spilliefnagjaldi voru því 140,5 m.kr. og minnkuðu um 7,0 m.kr. milli ára eða um tæp 5%.

Nokkur sveifla varð í brúttótekjum milli ára í sumum vöruflokkum en í heild voru þær 1,8 m.kr. lægri en árið áður. Mest varð tekjuaukningin af olíumálningu og prentlitum. Tekjur lækkuðu mest af rafgeymum og leysiefnum. Heildargjöld námu 158,0 m.kr. og hækkuðu þau milli ára um 22,4 m.kr. eða um 16,5%. Aukning varð á útgjöldum milli ára í mörgum vöruflokkum, mest vegna olíumálningar, 10,0 m.kr. en einnig vegna rafgeyma, framköllunarefna, rafhlaðna, halógeneraðra efnasambanda og olíu.

Rekstrarafkoma á árinu var neikvæð um 17,5 m.kr. Þar af námu bókfærðar endurgreiðslur og leiðréttingar vegna fyrri ára 10,0 m.kr. Ófrágengnar eru kröfur olíufélaganna vegna sölu á smurolíu til erlendra skipa sem hafa verið bókfærðar (6,8 m.kr.) auk þess sem ætla má að olíufélögin eigi eftir að lýsa annarri eins kröfu vegna áranna 1998–2002.

Að teknu tilliti til reksturs frá upphafi er eigið fé í árslok 31,2 m.kr. Rekstrarhalla þessa árs má skýra að verulegu leyti með minni tekjum en áætl-

**Tafla 4.1** *Starfssvæði sorpsamlaga/sveitarfélaga og íbúafjöldi þeirra árið 2002*

*Svæðaskipting*

| Sorpsamlag/sveitarfél. | Starfssvæði | Íbúafjöldi |
|---|---|---|
| SORPA bs. | Höfuðborgarsvæðið (Hafnarfjörður, Bessastaðahreppur, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Reykjavík, Mosfellsbær og Kjósarhreppur) | 179.791 |
| Sorpeyðingarstöð Suðurnesja | Öll sveitarfélög sunnan Hafnarfjarðar og vestan Ölfushrepps | 16.793 |
| Sorpsamlag Vesturlands hf. | Öll sveitarfélög í Vesturlandskjördæmi. Reykhólahreppur einnig talinn hér með | 14.787 |
| Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur | | 1.488 |
| FUNI, sorpbrennsla | Ísafjarðarbær, Bolungarvík og Súðavíkurhreppur. | 5.322 |
| Sorpsamlag Strandasýslu | Öll sveitarfélög í Strandasýslu | 916 |
| Húnaþing vestra | | 1.119 |
| Austur-Húnavatnssýsla | Öll sveitarfélög í A-Hún. | 2.148 |
| Skagafjörður | Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur | 4.402 |
| Siglufjarðarkaupstaður | | 1.456 |
| Sorpeyðing Eyjafjarðar | Öll sveitarfélög í Eyjafjarðarsýslu, Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppa. Grímsey talin hér með | 21.642 |
| Sorpsamlag Þingeyinga | Öll sveitarfélög í Þingeyjarsýslu utan Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppa | 5.119 |
| Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar | | 900 |
| Sorpeyðing Miðhéraðs | Austur-Hérað og Fellahreppur | 1.643 |
| Norður-Hérað, Seyðisfj., Fljótsdals-, Borgafj.og Mjóafj.hr. | | 2.156 |
| Sorpsamlag Mið-Austurlands | Fjarðarbyggð, Búða-, Fáskrúðsfjarðar- og Stöðvarheppar | 3.959 |
| Hornafj., Breiðdals- og Djúpavogshreppar | | 3.097 |
| HULA bs. | Skaftár-, Mýrdals, Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppar | 1.031 |
| Sorpstöð Rangárvallasýslu | Öll sveitarfél. í Rangárvallasýslu önnur en A- og V- Eyjafjallahreppar. | 3.237 |
| Sorpstöð Suðurlands | Öll sveitarfélög í Árnessýslu | 12.779 |
| Bæjarveitur Vestmannaeyja | Vestmannaeyjar | 4.416 |
| | **Samtals** | **288.201** |

## *Móttekin spilliefni eftir starfsvæðum 2002*

Heildarmagn [kg]

| Starfsvæði | Raf-geymar | Framköll-unarefni | Olíu-málning | Prentlitir | Leysiefni | Rafhlöður | Varnar-efni | Ísósýanöt | Halógen-eruð efna-sambönd | Kæli-miðlar | Kvika-silfur-vörur | Samtals | Olía | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 11 Sorpa bs. | 552.583 | 162.653 | 178.865 | 40.340 | 56.750 | 24.912 | 2.099 | 1.987 | 19.545 | 394 | 187 | 1.040.315 | 2.064.198 | 3.104.513 |
| 21 Sorpeyðingarstöð Suðurnesja | 22.688 | 2.105 | 6.988 | 10 | 57 | 1.028 | 1 | | 437 | | 2 | 33.316 | 272.520 | 305.836 |
| 31 Sorpurðun Vesturlands hf. | 26.506 | 5.447 | 3.598 | | 51 | 1.193 | 7 | | | | | 36.802 | 297.871 | 334.673 |
| 41 Vesturbyggð og Tálknafjörður | 8.904 | 541 | | | | | | | | | | 9.445 | 3.527 | 12.972 |
| 42 Funi | 16.821 | 1.608 | 225 | | 276 | 380 | | | | | | 19.310 | 89.012 | 108.322 |
| 43 Sorpsamlag Strandasýslu | 2.960 | 476 | 326 | | | 48 | | | | | | 3.810 | 409 | 4.219 |
| 51 Húnaþing vestra | 5.096 | 1.642 | 173 | | | 119 | 5 | 2 | | | | 7.037 | 5.951 | 12.988 |
| 52 Austur Húnavatnssýsla | 10.337 | 616 | 64 | 5 | 110 | 523 | | | | | | 11.655 | 19.461 | 31.116 |
| 53 Skagafjörður og Akrahr. | 13.511 | 1.220 | 312 | | 150 | 621 | | | 15 | | | 15.829 | 61.957 | 77.786 |
| 54 Siglufjörður | 4.207 | 1.125 | 45 | | | 50 | | | 3 | | | 5.430 | 113.903 | 119.333 |
| 61 Sorpeyðing Eyjafjarðar | 53.199 | 9.483 | 14.568 | 757 | 4.552 | 3.398 | 130 | 612 | 9.815 | | 8 | 96.522 | 333.314 | 429.836 |
| 62 Sorpsamlag Þingeyinga | 17.503 | 1.197 | 657 | | 120 | 641 | | 1 | 171 | | | 20.290 | 20.309 | 40.599 |
| 71 Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar | 4.247 | 459 | 18 | | | 226 | | | | | | 4.950 | 30.104 | 35.054 |
| 72 Sorpeyðing Miðhéraðs | 13.688 | 3.952 | 1.008 | | 160 | 543 | 5 | 4 | 178 | | | 19.538 | 762 | 20.300 |
| 73 Norður - Hérað, Seyðisfjörður, Fljótsdals-, Borgarfjarðar- og Mjóafjarðarhr. | 4.411 | 278 | 436 | | 73 | 200 | 7 | 13 | 823 | | | 6.241 | 3.262 | 9.503 |
| 74 Sorpsamlag Mið-Austurlands | 19.016 | 1.194 | 1.797 | 3 | 11 | 915 | | 413 | 76 | | 3 | 23.428 | 135.106 | 158.534 |
| 75 Hornafjörður, Breiðdals- og Djúpavogshr. | 12.172 | 1.292 | 143 | | | 418 | | | 80 | | 1 | 14.106 | 28.016 | 42.122 |
| 82 Hula bs. | 7.075 | 26 | 226 | | | 330 | 40 | | | | | 7.697 | 8.499 | 16.196 |
| 83 Sorpstöð Rangárvallasýslu | 19.516 | 1.863 | 1.996 | | 2 | 211 | 11 | 25 | 297 | | | 23.921 | 21.769 | 45.690 |
| 84 Sorpstöð Suðurlands | 27.550 | 7.388 | 4.698 | | | 486 | 111 | 1.127 | | | | 41.360 | 92.064 | 133.424 |
| 85 Bæjarveitur Vestmannaeyja | | 5.229 | 1.357 | | | 505 | 1 | | | | | 7.092 | 224.243 | 231.335 |
| **Samtals** | **841.990** | **209.794** | **217.500** | **41.115** | **62.312** | **36.747** | **2.417** | **4.184** | **31.440** | **394** | **201** | **1.448.094** | **3.826.257** | **5.274.351** |

**Tafla 4.2**

að hafði verið. Aðalástæða aukinna útgjalda er hækkun á móttökustöðvargjöldum en einnig hækkun á söfnunarstöðvar- og flutningsgjöldum.

Spilliefnagjaldi er haldið aðskildu fyrir hvern vöruflokk. Sérhver vöruflokkur myndar sérstakan sjóð þar sem tekjum og gjöldum er ætlað að standast á. Ársreikningur sýnir að verulegur munur er á afkomu hinna einstöku vöruflokka. Með hliðsjón af þeirri reynslu sem komin er á reksturinn var spilliefnagjöldum í nokkrum vöruflokkum breytt í tvígang á árinu 2001. Gjöld af rafgeymum og olíuvörum voru lækkuð en hækkuð af rafhlöðum, olíumálningu og halógeneruðum efnasamböndum. Gjöldum var enn breytt þann 1. janúar 2003. Þá voru gjöld hækkuð af framköllunarvökva, ísósýanötum og olíuvörum, en gjald af kælimiðlum lækkað mikið.

Í töflu 4.2 kemur fram hvað borist hefur á árinu af spilliefnum í hverjum vöruflokki á hinum ýmsu starfssvæðum.

Með því að meta magn spilliefna miðað við íbúafjölda er unnt að bera saman starfssvæði þó íbúafjöldi sé mismunandi. Í töflu 4.3 er magn spilliefna í öllum vöruflokkum tilgreint miðað við þúsund íbúa. Sakir fámennis á mörgum starfssvæðanna verða víðtækar ályktanir ekki dregnar af upplýsingum sem miðast við einstök starfssvæði. Ef skil eru ekki regluleg getur einn farmur af spilliefnum skekkt myndina verulega. Ef borin eru saman árin frá 1998 til 2002 kemur í ljós að nokkur jöfnuður er að verða í skilum frá langflestum starfssvæðum. Í heild hafa skilin farið vaxandi. Fáein starfssvæði skera sig úr með mikil skil öll árin.

### 4.2 Samanburður við áætlanir

Innflutningur á vörum, sem verða að spilliefnum, hefur í mörgum tilvikum vikið verulega frá því sem upphaflega var áætlað. Spilliefni í sumum vöruflokkum hafa skilað sér í umtalsvert meira magni en áætlað var. Á það sérstaklega við um olíumálningu, prentliti, halógeneruð efnasambönd og leysiefni. Eins og áður hefur komið fram hefur þurft að leiðrétta spilliefnagjöld á hina ýmsu vöruflokka í takt við ofangreinda þróun. Nánar er fjallað um einstaka vöruflokka í 5. kafla.

## *Móttekin spilliefni á hvert þúsund íbúa 2002*

Heildarmagn [kg]

| Starfsvæði | Raf-geymar | Framköll-unarefni | Olíu-málning | Prentlitir | Leysiefni | Rafhlöður | Varnar-efni | Ísósýanöt | Halógen-eruð efna-sambönd | Kæli-miðlar | Kvika-silfur-vörur | Samtals | Olía | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 11 Sorpa bs. | 3.073 | 905 | 995 | 224 | 316 | 139 | 12 | 11 | 109 | 2 | 1 | 5.786 | 11.481 | 17.267 |
| 21 Sorpeyðing Suðurnesja | 1.351 | 125 | 416 | 1 | 3 | 61 | 0 | | 26 | | 0 | 1.984 | 16.228 | 18.212 |
| 31 Sorpsamlag Vesturlands hf. | 1.793 | 368 | 243 | | 3 | 81 | 0 | | | | | 2.489 | 20.144 | 22.633 |
| 41 Vesturbyggð og Tálknafjörður | 5.984 | 364 | | | | | | | | | | 6.347 | 2.370 | 8.718 |
| 42 Funi | 3.161 | 302 | 42 | | 52 | 71 | | | | | | 3.628 | 16.725 | 20.354 |
| 43 Sorpsamlag Strandasýslu | 3.231 | 520 | 356 | | | 52 | | | | | | 4.159 | 447 | 4.606 |
| 51 Húnaþing vestra | 4.554 | 1.467 | 155 | | | 106 | 4 | 2 | | | | 6.289 | 5.318 | 11.607 |
| 52 Austur Húnavatnssýsla | 4.812 | 287 | 30 | 2 | 51 | 243 | | | | | | 5.426 | 9.060 | 14.486 |
| 53 Skagafjörður og Akrahr. | 3.069 | 277 | 71 | | 34 | 141 | | | 3 | | | 3.596 | 14.075 | 17.671 |
| 54 Siglufjörður | 2.889 | 773 | 31 | | | 34 | | | 2 | | | 3.729 | 78.230 | 81.959 |
| 61 Sorpeyðing Eyjafjarðar | 2.458 | 438 | 673 | 35 | 210 | 157 | 6 | 28 | 454 | | 0 | 4.460 | 15.401 | 19.861 |
| 62 Sorpsamlag Þingeyinga | 3.419 | 234 | 128 | | 23 | 125 | | 0 | 33 | | | 3.964 | 3.967 | 7.931 |
| 71 Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar | 4.719 | 510 | 20 | | | 251 | | | | | | 5.500 | 33.449 | 38.949 |
| 72 Sorpsamlag Miðhéraðs | 8.331 | 2.405 | 614 | | 97 | 330 | 3 | 2 | 108 | | | 11.892 | 464 | 12.355 |
| 73 Norður - Hérað, Seyðisfjörður, Fljótsdals-, Borgarfjarðar- og Mjóafjarðarhr. | 2.046 | 129 | 202 | | 34 | 93 | 3 | 6 | 382 | | | 2.895 | 1.513 | 4.408 |
| 74 Sorpsamlag Mið-Austurlands | 4.803 | 302 | 454 | 1 | 3 | 231 | | 104 | 19 | | 1 | 5.918 | 34.126 | 40.044 |
| 75 Hornafjörður, Breiðdals- og Djúpavogshr. | 3.930 | 417 | 46 | | | 135 | | | 26 | | 0 | 4.555 | 9.046 | 13.601 |
| 82 Hula bs. | 6.862 | 25 | 219 | | | 320 | 39 | | | | | 7.466 | 8.243 | 15.709 |
| 83 Sorpsamlag Rangárvallasýslu | 6.029 | 576 | 617 | | 1 | 65 | 3 | 8 | 92 | | | 7.390 | 6.725 | 14.115 |
| 84 Sorpstöð Suðurlands | 2.156 | 578 | 368 | | | 38 | 9 | 88 | | | | 3.237 | 7.204 | 10.441 |
| 85 Bæjarveitur Vestmannaeyja | | 1.184 | 307 | | | 114 | 0 | | | | | 1.606 | 50.780 | 52.386 |
| **Meðaltal** | **2.922** | **728** | **755** | **143** | **216** | **128** | **8** | **15** | **109** | **1** | **1** | **5.025** | **13.276** | **18.301** |

**Tafla 4.3**

### 4.3 Kostnaður við framkvæmd laganna um spilliefnagjald

Stærstu kostnaðarþættir við spilliefnakerfið eru móttökustöðvargjöld, þ.e. kostnaður við förgun spilliefnanna, sem nemur 64% kostnaðarins og flutningsgjöld 20%, aðallega vegna olíuúrgangs. Söfnunarstöðvargjöld námu tæpum 6% af heildarkostnaði á árinu. Rekstrar- og þróunarkostnaður hefur farið hlutfallslega lækkandi eftir því sem veltan hefur aukist en hann nam tæpum 11% af heildarkostnaði að teknu tilliti til fjármagnsliða. Rekstrar- og þróunarkostnaði er deilt á vöruflokka í réttu hlutfalli við tekjur (álögð spilliefnagjöld) viðkomandi vöruflokks á árinu. Þróunarkostnaður er eins og nafnið gefur til kynna kostnaður sem rekja má til uppbyggingar kerfisins og þróunar þess.

### 4.4 Rekstraráætlun 2003

